

AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarráð Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 26. júlí 2022 eftirfarandi:

Háholt, Vinastræti, breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, norðurhluti 3.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts sem gerir m.a. ráð fyrir breytingu á lóðarmörkum lóðanna Vinastræti 30 og Vinastræti 22-28. Byggingarmagn er aukið vegna stækkunar bílkjallara.

Vörðugata 2, breyting á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að byggingarreitur bílgeymslu stækki og að bílastæðum fjölgi en gestastæðum á lóð fækki. Byggingarmagn ofanjarðar helst óbreytt.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 11. júlí 2022 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

Jafnakur 7, breyting á deiliskipulagi Akra.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir að lóðarmörk milli Jafnakurs 7 og 5 færist um 1,5 m til vesturs og byggingarreitur á lóðinni nr. 7 stækki um 1,5 m til vesturs og 0,5 m til suðurs. Lóð nr. 7 stækkar því um 27 m² og er því fyrir breytingu 813 m² en eftir breytingu 840 m². Lóð nr. 5 minnkar að sama skapi um 27 m² og er fyrir breytingu 704 m² en eftir breytingu 677 m².

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 9. ágúst 2022.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. ágúst 2022